



Hjólreiðafólk á Flateyjardal

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni tveggja rannsóknarskýrslna. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“

Hjólreiðastígar í dreifbýli, með dæmum frá Mývatnssveit,

VSÓ ráðgjöf, desember 2014

Megin markmið verkefnisins sem skýrslan fjallar um var að skilgreina hlutverk Vegagerðarinnar í tengslum við byggingu stofnstíga hjólreiða í dreifbýli. Í vinnslu verkefnisins var litið til hlutverks vegagerða í Danmörku, Noregi og Bretlandi í sambærilegum verkefnum.

Í skýrslunni kemur fram að hjólreiðastígar eru hluti þjóðvegakerfisins samkvæmt vegalögum frá 2007. Í samgönguáætlun 2011–2022 er eitt af markmiðum að stefnt skuli að því að „hjólandi og gangandi vegfarendum verði auðveldað að komast leiðar sinnar“. Þá kemur fram í samgönguáætluninni að áhersla verði á að móta aðstæður til að „hjólréiðar verði greiður og öruggur samgöngumáti í

þéttbýli“, þannig að áætlunin markar því ekki stefnu um hjólreiðar í dreifbýli að þessu leyti.

Í umfjöllun um hlutverk vegagerða í öðrum löndum kemur fram að Danir hafi verið fyrstir á heimsvísu til að byggja upp landsvegakerfi hjólreiða árið 1993. Í Danmörku eru hjólaleiðir skipulagðar í svæðisskipulagi og viðhald hjólaleiða er á ábyrgð sveitarfélaga og vegagerðarinnar. Í Noregi er hlutverk vegagerðarinnar fyrst og fremst stefnumótun, leiðbeiningar og upplýsingagjöf, en snýr takmarkað að skipulagi og uppbyggingu hjólaleiða. Í Bretlandi hefur félag „Sustrans“ skilgreint þjóðleiðir hjólreiða með danska hjólreiðakerfið sem fyrirmynd.

Í skýrslunni er gerð tillaga að fyrirkomulagi hérlendis og verður sú tillaga tekin til umfjöllunar hjá yfirstjórn Vegagerðarinnar. Tillögurnar gera m.a. ráð fyrir að gerðar verði áætlanir um stofnleiðir, m.a. með tilliti til þess hvaða svæðum er ætlað að þjóna og tengja saman. Í því sambandi er bent á mikilvægi þess að hafa samráð við ferðamálayfirvöld og fulltrúa hjólreiðafólks. Lagt er til að þessar tillögur séu skimaðar og síðan festar í aðalskipulagi eftir því sem við á. Bent er á að hægt sé að vinna þessa

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 23. árg. nr. 643 16. febrúar 2015

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í bláinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

stefnumörkun undir forystu annarra en Vegagerðarinnar, s.s. Ferðamálastofu eða Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skýrslunni er sagt frá hugmynd að hjólaleið umhverfis Mývatn og meðal annars komið inn á hlutverk Vegagerðarinnar í því verkefni.

Effect of Vegetation Barriers on Traffic-Related Particulate Matter

Jovana Alkalaj og Þröstur Þorsteinsson, Háskóla Íslands, janúar 2015

Þessi skýrsla er rituð á ensku og er um rannsóknaverkefnið: „Áhrif hljóðmana og gróðurbelta á svifryksmengun

vegna umferðar“. Markmið verkefnisins var að kanna áhrif hljóðmana og gróðurbelta á svifryksmengun. Í rannsókninni voru þó eingöngu gerðar mælingar fyrir áhrif gróðurbelta.


Í skýrslunni er fjallað um svifryk og óheillavænleg áhrif þess á heilsufar fólks. Þá er fjallað um uppruna svifryks og hvernig það dreifist í andrúmsloftinu og hvaða þættir hafa áhrif á dreifinguna. Einnig um fræðin bakvið það að gróður getur tekið upp svifryk og greint er frá rannsóknum þar sem niðurstöður benda til jákvæðra áhrifa gróðurs í þessa veru í þéttbýli.

Til að kanna áhrif gróðurs hérlendis voru gerðar mælingar á þremur stöðum við Miklubraut í Reykjavík. Mælingar

voru gerðar á háannatímum að morgni og síðdegis og um hádegið um helgar. Notaðir voru tveir mælur, „TSI Optical Partical Sizer“ (model 3330), en þeir voru stilltir til að telja fjölda korna af ákveðinni stærð í rúmmetra. Við Sogamyri voru mælingar gerðar án þess að gróðurbelti væri til staðar, en mælt í mismunandi fjarlægð frá Miklubraut. Á móts við húsnæði 365 miðla eru barrtré og voru áhrif þeirra mæld þar. Þriðja mælingin var gerð við Klambratún og þar voru áhrif blandaðs gróðurs könnuð.

Mælingarnar við Sogaveg voru notaðar til viðmiðunar til að sjá hvernig svifryk breytist með fjarlægð frá götu ef enginn

gróður er. Á hinum stöðunum var mælt við götuna og svo beggja vegna við gróðurbeltin sem þar eru. Niðurstöður mælinga voru að barrtréin virtust ekki hafa áhrif til minnkunar svifryks, en skýringin kann að vera sú að mikið af barrtrjánnum á mælingastað eru skemmd af sitkalús. Aftur á móti benda flestar mælingar til að blandaður gróður hafi áhrif til að veita skjól gegn svifryki. Fínasti hluti svifryksins hefur mest neikvæð heilsufarsáhrif og niðurstöður mælinganna benda til að minnka megi dreifingu þess frá götum, með því að koma fyrir heilbrigðum gróðurbeltum við hlið þeirra. ■



Auglýsingar útboða

Sólheimajökulsvegur (221), Hringvegur - Þjónustuhús og Landeyjavegur (252), Hringvegur - Uxahryggur I 15-011

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbýggingu á 4,2 km Sólheimajökulsvegur og 2,6 km Landeyjavegar, ásamt útlögn klæðingar og frágangi.


Helstu magnþölur eru:

Fláafleygar	1.710 m ³
Neðra burðarlag	6.865 m ³
Ræsi	30 m
Efra burðarlag	7.480 m ³
Tvöföld klæðing	44.940 m ²
Frágangur fláa	43.985 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 17. febrúar 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 3. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 9. febrúar 2015. Búið er að sprengja samtals 3.642 m sem er 50,5% af heildarlengd.


Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 7. febrúar 2015. Búið er að sprengja samtals 5.283 m sem er 69,8% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfretti.is

Bundið slitlag í árslok 2014



Námskeið um efnisrannsóknir og efniskröfur í vegagerð 6. mars

Vegagerðin og PP-ráðgjöf boða til námskeiðs um efnisrannsóknir og efniskröfur í vegagerð. Námskeiðið er ætlað þeim sem koma að hönnun, framleiðslu, framkvæmd og eftirliti í vegagerð. Markhópurinn eru þeir starfsmenn Vegagerðarinnar, verkfræðistofur, sveitarfélög, verktakar og framleiðendur vegagerðarefna sem vinna með bundin og óbundin steinefni í vega- og gatnagerð. Á námskeiðinu verður stuðst við leiðbeiningar sem Vegagerðin hefur gefið út, aðallega ritin „Efnisrannsóknir og efniskröfur - leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd“ og „Vinnsla steinefna til vegagerðar - tækjábúnaður, verkætni og framleiðslueftirlit“. Bent skal á að frá því að sambærilegt námskeið var haldið árið 2010 hafa töluverðar breytingar verið gerðar á leiðbeiningum um efnisrannsóknir og efniskröfur. Það rit er endurskoðað árlega og í útgáfu 2015 er meðal annars mun ítarlegri umfjöllun um klæðingu og malbik en í fyrri útgáfum. Leiðbeinendur verða:

- Gunnar Bjarnason (GBj), forstöðumaður jarðefnadeildar Vegagerðarinnar
- Hafdís Eygló Jónsdóttir (HEJ), verkefnastjóri á jarðefnadeild Vegagerðarinnar
- Pétur Pétursson (PP), hjá PP ráðgjöf

Námskeiðið verður haldið föstudaginn 6. mars 2015 kl. 9:30 til 17:00. Námskeiðið verður haldið í Mótorskálanum í húsakynnum Vegagerðarinnar í Borgartúni 7. Þátttöku skal tilkynna fyrir 27. febrúar með tölvupósti til:

gunnar.bjarnason@vegagerdin.is

þar sem fram kemur nafn, tölvupóstfang og vinnuveitandi. Námskeiðsgjald er 20.000 kr. Innifaldar eru kaffiveitingar, en ekki hádegisverður.

Kennslugögn verða birt á heimasíðu Vegagerðarinnar eftir að námskeiði lýkur. Slóðin er:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsoknir/>.

Þátttakendur fá afhent staðfestingarskjal að loknu námskeiði. Dagskrá námskeiðsins er eftirfarandi:

09:30 - 10:30	Fylling og styrktarlag (GBj)
10:30 - 10:40	Kaffihlé
10:40 - 11:30	Burðarlag (GBj)
11:30 - 12:30	Sýnataka og prófunaraðferðir - eiginleikar steinefna (PP)
12:30 - 13:30	Matarhlé
13:30 - 14:15	Malbik (PP)
14:15 - 15:00	Klæðing (PP)
15:00 - 15:30	Malarslitlag (GBj)
15:30 - 15:40	Kaffihlé
15:40 - 16:40	Vinnsla steinefna (HEJ)
16:40 - 16:50	Gagnakerfi Vegagerðarinnar - námukerfi, rannsóknakerfi, jarðtæknikerfi (GBj)
16:50 - 17:00	Umræður ■



Gunnar Bjarnason



Hafdís Eygló Jónsdóttir



Pétur Pétursson

Niðurstöður útboða

Niðurrekstrarstaurar undir brú á Eskifjarðará 15-014

Tilboð opnuð 3. febrúar 2015. Framleiðsla og flutningur á steyptum niðurrekstrarstaurum undir brú á Eskifjarðará á Norðfjarðarvegi.

Helstu magntölur eru:

Framleiðsla niðurrekstrarstaura	1.640 m
Flutningur niðurrekstrarstaura	300 tonn

Verklök eru fyrir 30. mars 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Esju-einingar ehf., Reykjavík	27.920.000	113,9	8.432
-	Áætlaður verktakakostnaður	24.523.000	100,0	5.035
1	Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf., Hafnarfirði	19.488.332	79,5	0

Auglýsingar útboða

Hornafjörður, sjónvörn við Suðurfjöru 15-022

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í sjónvörn á Hornafirði. Verkið felst í lagfæringu og lengingu á sjónvörn innan á Suðurfjörutanga.

Helstu magntölur:

Útlögn grjóts og kjarna	4.000 m ³
-----------------------------------	----------------------

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. júní 2015. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 17. febrúar 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 3. mars 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Suðurfjörutangi, sjá útboðsauglýsingu

„Þá og nú“, leiðrétting

Í síðasta tölublaði var birt mynd af Brekkugötu á Akureyri. Þar var gatan ranglega nefnd Brekkustígur. Nokkrir bentu ritstjóra á þessi mistök og er þeim þökkúð árveknin.



Hringvegur (1), Gljúfurá í Borgarfirði. Gamla brúin (mynd JJV) var byggð 1909, bogabrá úr járnbentri steinsteypu, sú fyrsta af þeirri gerð sem Íslendingar smíðuðu en árið áður hafði danskur verktaki lokið við smíði steyptar bogabráur yfir Fnjóská í Vaglaskógi. Yngri brúin á Gljúfurá var byggð 1962. Hún er tvíbreið sem var óvenjulegt fyrir brýr á þessum tíma. Áður fyrr tókadist það nokkuð að mála fallega lagaðar brýr hvítar en þegar málningin fór að fölna var sjaldan til fé til endurbóta. Það hafa verið örlög brúarinnar yfir Gljúfurá. Nýbyggð var hún héraðsprýði en nú er hún heldur skellótt. Lagnir sem hafa verið hengdar utan á hana eru heldur ekki til bóta.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeyldar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
15-018 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - Rauðasandsvegur	2015
15-017 Hvítársíðuvegur (523) um Bjarnastaði	2015
15-012 Búrfellsvegur (351) Búrfell - Þingvallavegur	2015
15-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, repave/fræsing og malbik	2015
15-007 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, malbik	2015
15-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2015, malbik	2015
15-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, klæðing	2015
15-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2015, klæðing	2015
15-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing	2015
15-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing	2015
15-015 Norðfjarðarvegur (92), brú á Eskifjarðará	2015
15-010 Kokkálsvíkurböfn, endurbygging furubryggju	2015
15-006 Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu	2015
14-029 Reykholtisdalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2015
14-003 Hringvegur (1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2015
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2015

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
15-011 Sólheimajökulsvegur (221), Hringvegur - Þjónustuhús og Landeyjavegur (221), Hringvegur - Uxahryggur I	16.02.15	03.03.15
15-022 Hornafjörður, sjónvörn við Suðurfjöru	16.02.15	03.03.15
15-019 Stykkishólmur, breyting á ekjubrú	02.02.15	17.02.15
15-020 Norðfjörður, Togarabryggja - þekja og lagnir	02.02.15	17.02.15
15-005 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu	02.02.15	24.02.15
15-021 Efnisvinnsla á Austursvæði 2015-2016	02.02.15	17.02.15
Útboð í forvalsferli	Auglýst:	Opnað:
14-042 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, forval jarðgöng og vegagerð	02.06.14	15.07.14
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
15-014 Niðurrekstrarstaurar undir brú á Eskifjarðará	12.01.15	03.02.15
15-016 Akureyri, flötbryggjur í Sangerðisbót	10.01.15	27.01.15
15-013 Húsavík, sjónvörn 2015	12.01.15	27.01.15
14-062 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2015	15.12.14	13.01.15
14-058 Sjóvarnir á Akranesi og Hvalfjarðarsveit	01.12.14	16.12.14
14-063 Grímsey, flötbryggja við Suðurgarð	08.12.14	23.12.14
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
Engir samningar hafa verið gerðir frá því síðasta tölublað kom út		

Álftanesvegur, vinna við undirgöng 3. febrúar 2015.

